



Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda
Collecting Society for Performing Artists and Phonogram Producers

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Skrifstofu Alþingis
101 Reykjavík

Reykjavík 26. september 2016

Umsögn um: 870. mál, frumvarp til laga um höfundalög (eintakagerð til einkanota).

Samband flytjenda og hljómplötuframleiðenda (SFH) hefur fengið áðurgreint frumvarp til umsagnar, sem fjallar um breytingu á 11. gr. höfundalaga nr. 73/1972.

Breyting sú sem lagt er til í frumvarpinu snýst um að rétta hlut höfunda, flytjenda og framleiðenda þegar gerð eru eintök til einkanota af verkum og flutningi þeirra. Fyrir þessa eintakagerð hefur allt frá árinu 1984 verið greitt gjald, svonefnt IHM gjald. Gjaldstofninn hefur langt í frá fylgt þeirri miklu þróun sem átt hefur sér stað í upptökutækni á síðustu áratugum. Það er því langur vegur frá því að öll þessi nýju not hafi fengist bætt.

Frumvarp þetta leysir á margan hátt þá brýnu þörf sem nú er til staðar til úrbóta. Farin er svipuð leið og tíðkast í mörgum vestrænum ríkjum, en hverju ríki ber í þessum efnum að uppfylla tilskipun Evrópusambandsins og viðkomandi landslög. Þau ákvæði sem hér um ræðir fela það í sér að rétthöfum er bætt þau not sem lúta að eintakagerð til einkanota á höfundavörðu efni.

Stjórn SFH styður eindregið að frumvarp þetta verði samþykkt, en fyrir liggur að hafa þarf hraðar hendur til að ljúka megi málinu fyrir þinglok.

Virðingarfyllst

F.h. stjórnar SFH

Gunnar Guðmundsson framkvstj.